

L Ö G

41

8. sept.

um

breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fjármálaráðuneytið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 3 menn, og er einn þeirra formaður, er fjármálaráðuneytið skipar. Nefndin getur krafizt allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í té ókeypis. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

2. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur ríkisstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir allt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1932 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignamatsbókin skal löggilt af fjármálaráðuneytinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 47, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat, úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.